

Fimmtudaginn 6. febrúar 1986.

Nr. 212/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Steingrími Njálssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Eignarupptaka. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 31. júlí 1985 og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti krafðist ríkissaksóknari þess að héraðsdómur yrði staðfestur að öðru leyti en því að refsing ákærða yrði þyngd. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 13. nóvember 1985.

Staðfesta ber niðurstöður héraðsdómara um sakarmat og færslu til refsíákvæða, með þeirri athugasemd þó að brot það, sem um ræðir í VII. lið ákæru, framdi ákærði 8. október 1983 en ekki 9. október eins og segir í ákæru og héraðsdómi. Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. og 72. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn sem sýna að eftir að lögreglan í Reykjavík lagði hald á bifreiðina R 20932 var hún falið Vöku h.f., Stórhöfða 3, til varðveislu. Ennfremur að hinn 10. apríl 1985 beiddist Vaka h.f. þess að bifreiðin yrði seld á opinberu uppboði, að því er ráða má af gögnum til lúkningar geymslugjalds og annars kostnaðar. Fór uppboðssala fram 27. júní 1985 og var uppboðskaupandi Vaka h.f. Skráður eigandi bifreiðarinnar er nú Hörður Gunnarsson, Sunnuvegi 15 í Reykjavík.

Þegar framangreint er virt þykir eigi úr því sem komið er ástæða til að mæla fyrir um upptöku bifreiðarinnar R 20932 en með vísun til 1. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga og skírskotun til raka héraðsdóms að öðru leyti verður staðfest ákvæði hans um upptöku bifreiðarinnar R 70108.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku bifreiðarinnar R 20932 af gerðinni Citroën GS, árgerð 1971, með föstu númeri AX 934, er úr gildi fellt.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði, Steingrímur Njálsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

#### S é r a t k v æ ð i

#### **hæstaréttardómaranna Bjarna K. Bjarnasonar og Halldórs Þorbjörnssonar.**

Við erum sammála atkvæði meiri hluta dómara að öðru leyti en því að við teljum að staðfesta beri ákvæði héraðsdóms um upptöku á báðum bifreiðum ákærða. Skipti í því sambandi eigi máli þótt önnur bifreiðin, R-20932, hafi eftir uppsögu héraðsdóms verið seld á uppboði svo sem lýst er í atkvæði meiri hlutans.

#### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. desember 1984.**

Ár 1984, föstudaginn 21. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur, settum sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 658/1984: Ákærvaldið gegn Steingrími Njálssyni, sem tekið var til dóms þann 11. sama mánaðar.

Mál þetta er höfðað með ákæru dags. 20. febrúar gegn Steingrími Njálssyni sjómanni, Skólavörðustíg 13, Reykjavík, fæddum 21. apríl 1942 á Siglufirði fyrir eftirtalin brot:

„I. Fyrir að aka, laugardaginn 25. september 1982, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreið sinni R-70108 frá Grandavegi 39 í Reykjavík um götur borgarinnar, þar til lögreglumenn stöðvuðu akstur ákærða á Rauðarárstíg.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

II. Fyrir að aka, miðvikudaginn 24. nóvember 1982, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, sömu bifreið frá Grandavegi 33 í Reykjavík út á Seltjarnarnes, þar sem lögreglan stöðvaði aksturinn á Eiðsgrandavegi.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

III. Fyrir að aka, fimmtudaginn 30. desember 1982, sviptur ökuréttindum ævilangt, sömu bifreið, frá Reykjavík áleiðis til Brekku í Gufudals- sveit, þar til bifreiðin hætti að ganga á Hafnarhálsi í Dalasýslu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

IV. Fyrir að aka, fimmtudaginn 16. júní 1983, bifreið sinni, R-20932, sviptur ökuréttindum ævilangt, frá Reykjavík vestur í Barðastrandarhrepp.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

V. Fyrir að aka, mánudagskvöldið 20. júlí, sömu bifreið, sviptur öku- réttindum ævilangt, úr Barðastrandarhreppi til Snóksdals í Dalasýslu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

VI. Fyrir að aka, sunnudaginn 10. júlí 1983, sömu bifreið, sem áfátt var um ljósa- og hemlabúnað, undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétt- indum ævilangt, um götur í Keflavík, þar til akstri lauk við Ásabraut 11 þar í bænum.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 4. gr., 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

VII. Fyrir að aka, laugardaginn 9. október 1983, sömu bifreið, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, um túnið á Brekku í Gufudalssveit.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar öku- réttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, til þess að þola upptöku bifreið- arinnar R-70108 af gerðinni Volvo Amazon, árgerð 1964 með föstu númeri AA371, og bifreiðarinnar R-20932 af gerðinni Citroën GS, árgerð 1971 með föstu númeri AX934, samkvæmt 1. og 2. tölulið 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

## I.

1. Laugardagskvöldið 25. september 1982 ók ákærði bifreið sinni R-70108 frá Leifsgötu 10, Reykjavík, um ýmsar götur borgarinnar áleiðis vestur á Grandaveg. Ákærði var undir áhrifum áfengis við aksturinn og

sviptur ökuréttindum. Lögreglumenn stöðvuðu aksturinn á Rauðarárstíg um kl. 08:40 og færðu hann til töku blóðsýnis. Var honum tekið blóðsýni kl. 09:15. Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar mældist alkóhólmagn 2,41% í blóði hans.

Í ákæru er ákærða gert að sök að hafa ekið bifreiðinni frá Grandavegi 39 en ekki Leifsgötu 10. Ákærði bar við yfirheyrslu hjá lögreglu að hann hefði ekið bifreiðinni frá Grandavegi 39, en fyrir dómi kvað hann sig hafa misminnt þetta og hefði hann ekið frá Leifsgötu 10. Þetta ranghermi kemur þó ekki að sök, þar sem vörn var ekki áfátt að því er þetta atriði varðar. Er því hægt að leggja dóm á þetta ákæruatriði, þrátt fyrir þessa skekkju, sbr. 3. mgr. 118. gr. 1. nr. 74/1974.

Ákærði hefur játað framangreint brot sitt fyrir dómi. Með játningu hans, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum málsins telst háttsemi hans sönnuð og hefur hann með henni unnið sér til refsingar samkvæmt þeim refsíákvæðum sem getið er í I. kafla ákæru.

2. Miðvikudaginn 24. nóvember sama ár ók ákærði sömu bifreið undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum frá Grandavegi 33 hér í borg útá Seltjarnarnes uns lögreglumenn stöðvuðu aksturinn á Eiðsgrandavegi um kl. 11:50. Hann var undir áhrifum áfengis og sviptur ökuleyfi við aksturinn. Ákærði var færður til töku blóðsýnis á slysadeild Borgarspítalans, þar sem honum var tekið sýnið kl. 12:55. Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar mældist 2,50% alkóhóls í blóði hans.

Ákærði hefur viðurkennt aksturinn fyrir dómi.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og játningu ákærða, sem er í samræmi við annað sem fram er komið í málinu, þykir sannað að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá sem hann er ákærður fyrir í II. kafla ákæru, og er háttsemi hans þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.

3. Fimmtudaginn 30. desember sama ár ók ákærði enn sömu bifreið frá Reykjavík áleiðis til Brekku í Gufudalssveit uns akstrinum lauk á Hafnarhálsi í Dalasýslu, þar sem bifreiðin drap á sér. Þar beið hann uns lögreglumenn komu á vettvang. Ákærði var sviptur ökuleyfi við aksturinn. Hann hefur viðurkennt framangreint brot fyrir dómi.

Með framangreindum akstri hefur ákærði unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

4. Fimmtudaginn 16. júní 1983 ók ákærði bifreið sinni R-20932 frá Reykjavík vestur á Barðaströnd. Var ákærði sem fyrr sviptur ökuleyfi við aksturinn. Ákærði hefur viðurkennt akstur þennan fyrir dómi. Með honum hefur hann unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga, svo sem réttilega er getið í ákæru.

5. Þessari sömu bifreið ók ákærði sviptur ökuleyfi að kvöldi mánudagsins 20. júní sama ár frá Barðaströnd til Snóksdals í Dalasýslu.

Ákærði hefur viðurkennt aksturinn fyrir dómi. Með honum hefur hann unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga, svo sem réttilega er getið í ákæru.

6. Um kl. 18:20 sunnudaginn 10. júlí 1983 komu tveir 13 ára piltar, Valtýr Gylfason og Þórhallur Garðarsson, á lögreglustöðina í Keflavík. Tilkynntu þeir, að nokkrum mínútum áður hefði mjög ölvaður maður komið akandi á hvítri Citroën bifreið, R-20932, stöðvað hana við hús nr. 11 við Ásabraut og gengið að húsinu nr. 9. Þrír lögreglumenn fóru á staðinn. Bifreiðin stóð við Ásabraut 11. Vél hennar var heit viðkomu og lykklar í kveikjúlásnum. Börn, sem þarna voru, bentu lögreglumönnum á að maðurinn væri fyrir aftan hús nr. 9. Þar var svo ákærði handtekinn. Var hann mjög ölvaður. Fyrir varðstjóra neitaði hann alfarið að hafa ekið bifreiðinni.

Ákærða var tekið blóð kl. 18:40 til alkóhólrannsóknar af lækni sem kom á lögreglustöðina. Samkvæmt niðurstöðu hennar mældist 2,94% alkóhóls í blóði hans.

Við yfirheyrslu hjá lögreglunni í Keflavík næsta morgun svo og fyrir dómi neitaði ákærði enn að hafa ekið bifreiðinni en bar að kunningi hans, Einar Guðnason, Hverfisgötu 83, Reykjavík, hefði ekið bifreiðinni fyrir hann frá Reykjavík. Á leiðinni til Keflavíkur hafi lyftiteinn í fjöðrunarkerfi losnað vegna bilunar í lyftuútbúnaði á bifreiðinni, sem er af Citroëngerð, og er til Keflavíkur kom hafi þeir farið á lögreglustöðina og beðið um aðstoð við að lagfæra þetta. Þar sem þeir áttu enga járnsgög á stöðinni þurftu ákærði og félagi hans frá að hverfa. Ók þá Einar bifreiðinni að Ásabraut 11 skammt frá heimili tengdaföður bróður ákærða (Ásabraut 9). Var ákærði að leita að honum við húsið er hann var handtekinn. Kvað ákærði Einar hafa verið orðinn þreyttan á þessum vandræðum og farið á brott, en hvert vissi hann ekki. Ákærði kvaðst hafa reynt að lagfæra framangreinda bilun í bifreiðinni áður en hann fór að leita að tengdaföður bróður síns, en bifreiðin stóð þá fyrir utan Ásabraut 11. Hann minntist þess að hafa beðið einhvern að útvega sér járnsgög er hann var að reyna að gera við bifreiðina að Ásabraut 11.

Í skýrslu lögreglunnar segir að bifreið ákærða hafi verið færð á lögreglustöðina, varðstjóra afhentir lykklar að henni, og þar sem hún hafi ekki verið í fullkomnu lagi muni hún verða færð til skoðunar hjá bifreiðaeftirlitinu. Daginn eftir var bifreiðin færð til þeirrar skoðunar. Stefnuljós hennar voru talin léleg, hemlafetill óhæfur, útblástur, hljóðdeyfir o.þ.h. óhæft og vökvarörið í sundur.

Vitnið Valtýr Gylfason kom fyrir lögreglu þann 12. október s.á. vegna málsins. Hann sá mann þann, sem lögreglan síðar handtók, fyrst við Ásabraut 1. Maðurinn virtist eitthvað ölvaður og var að brasa við járn sem

var bilað undir bílnum. Bað hann þá Þórhall um aðstoð, en ekki reyndist unnt að gera við bílinn. Maðurinn setti þá bílinn í gang og ók að Ásabraut 11. Þar stansaði hann og gekk inn á milli húsa. Hann var einn allan tímann. Þeir Þórhallur fóru og tilkynntu lögreglunni um aksturinn þar sem aksturslagið virtist grunsamlegt.

Framburður vitnisins Þórhalls Garðarssonar var á sama veg og Valtýs Gylfasonar.

Vitnin komu fyrir dóm þann 14. nóvember sl. Var framburður þeirra á sama veg og fyrir lögreglu að öðru leyti en því að Valtýr kvaðst ekki hafa séð, þegar maðurinn ók bifreiðinni að Ásabraut 11, en taldi að bifreiðinni hafi verið ekið þangað á meðan þeir félagarnir sóttu lögregluna. Maðurinn hafi verið bak við hús á Ásabrautinni þegar hann kom til baka frá lögreglunni.

Ekki tókst að yfirheyra mann þann, sem ákærði bar að hefði ekið bifreiðinni, þar sem hann var fluttur til útlanda og var ekki væntanlegur aftur til landsins.

Ákærði var bak við húsið nr. 9 við Ásabraut þegar lögreglan handtók hann. Tvö vitni hafa borið að sami maður hafi verið í bifreið ákærða við Ásabraut 1 og sá er lögreglan handtók, og hann hafi þá verið einn síns liðs. Annað vitnið kvaðst hafa séð ákærða aka bifreiðinni frá Ásabraut 1 að Ásabraut 11. Frásögn ákærða af því að nafngreindur maður hafi ekið bifreiðinni að Ásabraut 9 þykir ótrúverðug í ljósi þess að þeir höfðu ekið bifreiðinni alla leið frá Reykjavík og tvö vitni hafa borið að sá maður, sem lögreglan handtók, hafi verið einn síns liðs frá því að þau sáu bifreiðina við Ásabraut 1.

Þrátt fyrir staðfastlega neitun ákærða þykir með framansögðu sannað að ákærði hafi ekið bifreiðinni greint sinn undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum, svo sem nánar er rakið í ákæru. Hefur ákærði með þessum akstri gerst sekur um brot gegn 2. mgr. sbr. 4 mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

Eins og fram hefur komið bilaði bifreið ákærða við Ásabraut, og gerði ákærði reka að því að gera við hana á staðnum, en án árangurs. Ekki er ljóst hvort þessi bilun orsakaði bilun í ljósa- og hemlabúnaði bifreiðarinnar. Þykir því ekki nægileg efni til að sakfella ákærða fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. 4. gr. umferðarlaga, svo sem krafist er í ákæru. Er ákærði því sýknaður af því broti.

7. Laugardaginn 9. október 1983 ók ákærði sömu bifreið undir áhrifum áfengis og sviptur ökuleyfi nokkurn spöl um túnið við bæinn Brekku í Gufudalssveit.

Ákærði hefur viðurkennt þennan verknað fyrir dómi, og er játning hans í samræmi við önnur gögn málsins.

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

## II.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum dómum vegna ölvunar og réttindaleysis við akstur:

- 1964 11/12 12 mánaðar fangelsi fyrir skirlifisbrot og brot gegn umfl. og áfl. Svíptur ökuleyfi í 10 mánuði.
- 1966 18/8 15 daga varðhald fyrir brot á áfl. og umfl. Svíptur ökuleyfi ævilangt.
- 1967 13/2 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og brot gegn umfl. og áfl. Svíptur ökuleyfi ævilangt.
- 1968 22/1 4 mánaða fangelsi fyrir fjársvik og brot gegn umfl. og áfl. Svíptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt. Hegningarauki.
- 1970 11/9 30 daga fangelsi fyrir ölvun við akstur.
- 1972 11/7 8 mánaða fangelsi fyrir ýmis hegningarlagabrot og brot gegn umfl. og áfl.
- 1974 23/3 3 mánaða varðhald fyrir nytjastuld, ölvun og réttindaleysi við akstur. Svíptur ökuleyfi ævilangt.
- 1975 3/6 30 daga varðhald fyrir ölvun við akstur. Hegningarauki.
- 1980 16/12 3 mánaða varðhald fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur.
- 1981 26/5 3 mánaða varðhald fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur.
- 1981 10/6 30 daga varðhald fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur.
- 1981 26/10 3 mánaða fangelsi fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur.
- 1981 4/11 30 daga varðhald fyrir ölvun og réttindaleysi við asktur. Hegningarauki.
- 1982 22/2 3 mánaða fangelsi fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur svo og brot gegn 37. gr. og 41. gr. umfl.
- 1982 28/6 Sakfelldur fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur. Ekki dæmd refsing.

Þá hefur ákærði enn fremur sætt fjölmörgum dómum fyrir ýmis auðgunar- og skirlifisbrot. Enn fremur hefur hann 14 sinnum gengist undir dóm-sátt fyrir ýmis minni háttar umferðar- og áfengislagabrot.

Með háttsemi sinni hefur ákærði unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga. Þykir refsing hans með hliðsjón af 71. gr., 72. gr., og 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 8 mánaða fangelsi.

Í ákæru er þess krafist að ákærði verði dæmdur til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga. Háttsemi hans varðar ökuleyfis sviptingu samkvæmt þeirri lagagrein. Ákærði var hins vegar eins og að framan greinir sviptur ökuleyfi ævilangt með dómi þann 23. mars 1974. Hann hefur ekki

öðlast ökuleyfi á ný. Þykir því óþarft að áréttu frekar í dómi þessum ökuleyfissviptingu ákærða.

Í ákæru er þess ennfremur krafist að ákærði verði dæmdur til þess að þola upptöku bifreiðanna R-70108 af gerðinni Volvo Amazon, árgerð 1964 með föstu númeri AA 371 og R-20932 af gerðinni Citroën GS, árgerð 1971 með föstu númeri AX 934 samkvæmt 1. og 2. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur mótmælt framangreindri kröfu um upptöku. Hefur hann m.a. borið því við að bifreiðin R-70108 væri ekki lengur sín eign, heldur skráð á nafn Kjartans Ólafs Bjarnasonar sem keypt hefði bifreiðina.

Lögreglan í Reykjavík lagði hald á bifreiðina R-70108 þann 18. mars 1983 og á bifreiðina R-20932 þann 30. nóvember 1984. Var ákærði þá skráður eigandi þeirra. Í málinu liggur frammi afsal dagsett 23. mars 1983, undirritað af ákærða og Kjartani Ólafi, en samkvæmt því selur og afsalar ákærði ofangreindum Kjartani bifreiðina R-70108. Næsta dag var bifreiðin skráð hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins á nafn Kjartans Ólafs.

Kjartan Ólafur Bjarnason bar fyrir dóminum að framangreindur samningur milli hans og ákærða hefði verið málamyndagerningur. Honum hafi verið kunnugt um að lögreglan hafði skömmu áður lagt hald á bifreiðina. Ákærði (sic) hefði aldrei greitt umsamið kaupverð, enda slíkt ekki ætlunin þar sem samningurinn var gerður í blekkingarskyni.

Samkvæmt framansögðu verður sú viðbára ákærða, að hann sé ekki lengur eigandi bifreiðarinnar R-70108, ekki tekin til greina.

Af hálfu verjenda ákærða er því haldið fram, að ekki séu fyrir hendi lagaskilyrði til að beita upptöku á bifreiðum ákærða, þar sem slík heimild sé ekki í umferðarlögum og löggjöfnun verði ekki beitt frá 1. mgr. 1. og 2. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga.

Í 1. mgr. 1. tl. ofangreinds ákvæðis er almenn heimild til upptöku hluta, sem hafa verið notaðir til að drýgja brot með og í 1. mgr. 2. tl. sömu greinar er einnig heimild til upptöku hluta, sem ætla má að ákvarðaðir séu í glæpsamlegu skyni. Ákvæði þessu er heimilt að beita að því er varðar slíka muni (instrumenta sceleris) hvor t sem um er að ræða hegningarlaga-brot eða brot gegn sérrefsilöggjöf. Heimildin í 1. tl. lýtur aðallega að munum sem afbrot hafa verið framin með en eru almennt notaðir í löglegum tilgangi, en heimild 2. tl. tekur aðallega til muna sem beinlínis eru til þess fallnir að drýgja með afbrot og teljast því almennt hættulegir réttaröryggi manna.

Í umferðarlögum er ekki fyrir hendi heimild til upptöku farartækis vegna brota á lögnum, enda má ætla að slíkri heimild yrði aðeins beitt í sérstökum undantekingartilvikum.

Undanfarin 20 ár hefur ákærði hlotið fjölmarga dóma fyrir ölvun og

réttindaleyzi við akstur. Frá árinu 1980 hefur lögreglan haft afskipti af ákærða 21 sinnum vegna réttindaleyfis við akstur, þar af var ákærði að auki ölvaður í 14 skipti. Í 17 þessara tilvika ók ákærði bifreið sinni R-70108, en í hin 4 skiptin bifreið sinni R-20932. Á undanförunum árum hefur ákærði því síst dregið úr þessari afbrotaiðju sinni og er þess ekki að vænta, ef litið er til sakarferils hans, að hann hyggist láta af henni.

Þrátt fyrir að ekki verði komið í veg fyrir að ákærði haldi enn áfram að aka undir áhrifum áfengis og ökuréttindalaus, þótt bifreiðar hans verði gerðar upptækar, má ætla að með því verði ákærða gert erfiðara um vik að halda áfram að stofna umferðaröryggi og lífi samborgara sinna í hættu. Þykir því rétt með vísan til 1. mgr. 1. og 2. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga rétt að taka til greina kröfu ákæruvaldsins um upptöku framangreindra bifreiða ákærða, og verða þær eign ríkissjóðs.

Loks er ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., kr. 12.000 og saksóknarlaun í ríkissjóð kr. 5.000.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Upptækar skulu gerðar bifreiðarnar R-70108 af gerðinni Volvo Amazon, árgerð 1964 með föstu númeri AA 371 og R-20932 af gerðinni Citroën GS, árgerð 1971 með föstu númeri AX 934, og verði þær eign ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. saksóknarlaun í ríkissjóð kr. 5.000, og málsvarnarlaun verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hrl., kr. 12.000.